

**199** brjefi frá 12. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Skaptafellsýslu frá 25. apríl þ. á. og er í því skýrt frá, að hann samkvæmt 27. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 4. maí 1872 hafi til bráðabirgða fellt úr gildi þá ákvörðun hreppsnefndarinnar í Kleifahrepp að jafna niður á hreppsþúa nálægt 1000 kr. sem aukaútsvari í peningum á yfirstandandi ári; en hreppsnefndin var þá ekki búin að fá samþykki sýslunefndar til þessa samkvæmt 26. gr. 1. tölulið sveitarstjórnarlaganna. Brjefi yðar fylgdi og skýrsla hreppsnefndaroddivitans frá 23. maí þ. á.

Það er ljóst af skjölum málsins, að tilgangur hreppsnefndarinnar með aukaniðurfjöfnun þessari var sá, að borga skuld eina, er hvíldi á sveitinni, og sem amtið hvað eptir annað hafði krafði hana um, en hins vegar hefir sýslumanninum verið það nær skapi, að til þess væri útvegað lán hreppnum til handa. Í þessu efni hafið þjer herra amtmaður, tekið það fram, að eptir því sem á stóð með skuld þessa, og var hún endurgjald fyrir styrk, veittan einum af þurfamönnum hreppsins, verði það að álitast miklu rjettara að útvega peninga þessa, eins og hreppsnefndin vill, með aukaniðurfjöfnun, að því leyti sem hreppsmenn eru færir um slíkt, heldur en eins og sýslumaðurinn hefir bent á með lántöku hreppnum til handa, og eins og jeg í þessu efni algjörlega felst á skilning, yðar herra amtmaður, þannig efast jeg ekki um, að sýslunefndin myndi hafa veitt samþykki það, sem 1. töluliður í 26. gr. sveitarstjórnarlaganna ræðir um, til þess að leggja á aukaútsvar, fyrst hreppsnefndin áleit það haganlegt til þess að geta fullnægt skuldakröfu, er enginn hafði haft neitt í móti.

Jeg er því einnig sammála yður, herra amtmaður um það, að óskilegt hefði verið, að sýslumaðurinn hefði útvegað samþykki sýslunefndarinnar til hinnar fyrirhuguðu útsvarshækkunar, í stað þess að beita embættisvaldi sínu samkvæmt 27. gr. sveitarstjórnarlaganna, og senda yður skýrslu um málið áleiðis til landshöfðingja.

Þar eð mál mál þetta hefir verið mjög langan tíma á leiðinni frá 25. apríl til 12. þ. m. og þar eð engar vísbendingar eru fyrir hendi um það, hvort hreppsnefndin, sem í brjefi sínu frá 23. maí tjáist ekki að hafa verið ófróð um 26. gr. sveitarstjórnarlaganna, siðar meir hefir gjört gangskör að því að fá eða hefir fengið ráðna bót á því, sem vantaði, vil jeg, ef máli þessu eru eigi þannig gjörð greið skil, hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að bjóða sýslumanninum í Skaptafellsýslu að leitast við að útvega Kleifahrepp, svo fljótt, sem audið er, samþykki sýslunefndarinnar til þess, að jafna niður hinu fyrirhugaða aukagjaldi á fardagaárinu 1878—79. Með samþykki þessu verður þá ákvörðun sýslumannsins í Skaptafellsýslu, er ónýtir þá niðurfjöfnun á aukaútsvarinu, er hjer ræðir um, að falla úr gildi.

### Auglýsing.

**200**  
18. desbr.

Samkvæmt lögum frá 10. október þ. á. (Stjórnartíð. A, 21), hafa verið prentuð eyðublöð undir brjefspjöld, útbúin póstmerkjum og fást þau á öllum pósthúsum landsins og kosta 5 aura hvert.

Brjefhirdinga- og póstafrageiðslumenn skulu gjöra skil fyrir brjefspjöldum þeim, sem þeir fá til útsölu á sama hátt og fyrir póstmerkjum.

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík 18. desember 1879

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.